



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar

nr. 2/2011

**Varðandi viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir leigulínur, markaðir 13
og 14**

1	Inngangur.....	4
1.1	Heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar	6
2	Meginefni viðmiðunartilboðsins	7
2.1	Almennar athugasemdir hagsmunaaðila við viðmiðunartilboðið.....	7
2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	8
2.2.1	Um birtingu viðmiðunartilboðs	8
2.2.2	Um kostnaðartengda gjaldskrá	8
2.2.3	Um aðgang að ljósleiðaraheimtaugum	9
3	Athugasemdir við einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka þess.....	10
3.1	Markmið samningsins, kafli 1.2.	10
3.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	10
3.1.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	11
3.2	Verð, kafli 3.....	11
3.2.1	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	12
3.3	Reikningar og greiðslur, kafli 4.....	12
3.3.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	12
3.3.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	13
3.4	Takmörkun vegna öryggisástæðna, kafli 8.....	13
3.4.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	13
3.4.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	13
3.5	Veruleg vanefnd riftun þegar í stað, kafli 9.2.....	14
3.5.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	14
3.5.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	14
3.6	Greiðslutrygging kafli 12	15
3.6.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	15
3.6.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	15
3.7	Tæknileg hæfni, kafli 13.....	16
3.7.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	16
3.7.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	16
3.8	Breytingar á samningi, kafli 17.3	17
3.8.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	17
3.8.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	17
3.9	Viðauki 2, verðskrá leigulína-töflur og skilmálar	18

3.9.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	18
3.9.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	18
3.10	Ljósliða, töluliður 1.25, viðauki 2	19
3.10.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	19
3.10.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	19
3.11	Stofnlínur, töluliður 2.6. viðauki 2	19
3.11.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	19
3.11.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	20
3.12	Viðauki 2, Flutningur, kafli 2.8 og Breytingar á flutningsgetu, kafli 2.9,	20
3.12.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	20
3.12.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	21
3.13	Umsókn um aðgang að leigulínu, kafli 1, viðauki 5	21
3.13.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	21
3.13.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	22
3.14	Staðfesting og afgreiðsla umsóknar, kafli 2.1., viðauki 5	22
3.14.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	22
3.14.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	22
3.15	Uppsögn , kafli 2.4. viðauki 5	23
3.15.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	23
3.15.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	23
3.16	Takmarkanir, kafli 3.5., viðauki 5	23
3.16.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	23
3.16.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnun.....	23
3.17	Þjónustutími, kafli 3.6, viðauki 5	24
3.17.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	24
3.17.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	24
3.18	Öryggisreglur og aðgengi að búnaði, kafli 2.12, viðauki 6	24
3.18.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	24
3.18.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	25
4	Aukasamráð vegna viðauka 7, sérlausnir á Etherneti	25
4.1	Viðauki 7	25
4.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	26
4.1.2	Sjónarmið Mílu vegna athugasemda hagsmunaaðila	26
4.1.3	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	28

1 Inngangur

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7), heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14), voru Míla og Síminn útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á ofangreindum mörkuðum, Síminn á öllum ofangreindum mörkuðum og Míla á tveimur hinum síðarnefndu. Um er að ræða markaði samkvæmt eldri tilmælum ESA frá árinu 2004. Útnefning stofnunarinnar náði til landsins alls, þ.e. höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Nánar tiltekið er um eftirfarandi markaði að ræða:

Markaður 7, á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum, Míla starfar ekki á þessum markaði og voru kvaðir lagðar á Símann.

Markaður 13, heildsala lúkningarluta leigulína, tekur til sambanda sem leigð eru öðrum fjarskiptafyrirtækjum og gera þeim kleift að veita þjónustu á ýmsum smásölumörkuðum eins og t.d. talsímaþjónusta, internetaðgangur og gagnaflutningur.

Markaður 14, heildsala stofnlínuhluta leigulína, hér er átt við flutningsgetu sem seld er fjarskiptafyrirtækjum til að tengja saman net þeirra og dreifingarstaði.

Markaðir 13 og 14 eru frábrugðnir mörkuðum fyrir hefðbundnar leigulínur og ná yfir samtengingu sem felur í sér aðgang að fjarskiptanetum og gagnaflutning m.a. með ATM og IP aðferðum.

Með ofangreindri ákvörðun og heimild í 29. gr. fjarskiptalaga voru m.a. lagðar kvaðir á félögin um gagnsæi og að útbúa og birta opinberlega viðmiðunartilboð fyrir leigulínur. Einnig kvaðir um aðgang, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald.

Með bréfi, dags. 20. mars 2009 óskaði PFS eftir því að Míla útbyggi viðmiðunartilboð og sendi stofnuninni til yfirferðar. Svar Mílu barst með bréfi, dags. 30. mars 2009, þar sem fram kom að félagið liti svo á að verðskrá (og reglur fyrir leigulínur) sem birt væri á vef félagsins væri í reynd viðmiðunartilboð um leigulínur varðandi stofnlínuhluta og lúkningarluta leigulína sem uppfyllti í öllum meginráttum þau atriði sem stofnunin teldi að þyrftu að koma fram í viðmiðunartilboði í samræmi við gagnsæiskvöðina.

Þá taldi Míla að óráðlegt væri að lagt yrði fram uppfært viðmiðunartilboð áður en gengið væri frá þeim breytingum sem félagið hygðist gera á verðlagningu leigulína en ætti eftir að fá samþykki PFS fyrir. Það væri andstætt meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga að fara fram á slíkt áður en endanlegt verð og fyrirkomulag varðandi leigulínuaðgang lægi fyrir. Samkvæmt ofangreindu væri í gildi viðmiðunartilboð sem yrði uppfært um leið og niðurstaða kostnaðargreiningar og verðskrár lægi fyrir. Þau atriði sem færa mæti rök fyrir að vantaði inn í skilmálana væru þess eðlis að einfalt væri að bæta úr og yrði það gert.

Með bréfi, dags. 5. maí 2009, ítrekaði PFS þau fyrirmæli sem fram komu í bréfi stofnunarinnar þann 20. mars 2009. PFS tók hins vegar undir með Mílu að líta mæti á verðskrá og reglur fyrir leigulínur sem birtar eru á heimasíðu félagsins sem ígildi viðmiðunartilboðs. Það viðmiðunartilboð væri hins vegar ekki tæmandi miðað við þau atriði sem skylt er að kveða á um í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2007. Jafnframt tilkynnti PFS að kostnaðargreining sú sem fyrirtækið vísaði til yrði yfirfarin í sérstöku máli.

Míla sendi síðan PFS drög að viðmiðunartilboði með tölvupósti, dags. 28. maí 2009 og aftur með tölvupósti, dags. 14. ágúst 2010, en í millitíðinni hafði fyrirtækið átt fund með starfsmönnum PFS.

Vegna ágreinings sem upp hafði komið um hvort DWDM kerfi Mílu félli undir heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (M14), var Mílu tilkynnt um það álit PFS með bréfi dags. 9. september 2009, að þær kvaðir sem lagðar voru á Mílu, þ.á.m. kvaðir um aðgang, gagnsæi og eftirlit með gjaldskrá giltu einnig um fyrrnefnt kerfi. Ljóst væri því að Mílu bæri að veita aðgang að leigulínuþjónustu sem DWDM kerfið gerir mögulega (bylgjulengdardeild sending í ljósleiðurum) á kostnaðartengdum verðum, auk þess sem geta þyrfti um þjónustuna í viðmiðunartilboði. Hér væri fyrst og fremst um að ræða leigulínuþjónustu með miklum bitahraða sem mældist jafnvel í gígabætum, jafnvel 100 Gbps eða meira.¹

Samkvæmt viðmiðunartilboði Mílu sem barst þann 14. ágúst 2009 var mesti bitahraði sem þar kom fram einungis 622 Mbit. Taldi PFS því ljóst að þar væri gengið of skammt í framboði á bitahröðum enda yrði Míla að bjóða upp á bitahraða sem samsvarði þeim hröðum sem öðrum fjarskiptafyrirtækjum stæði til boða, t.d. Símanum og Farice. Var því Mílu gert að bæta öllum þeim bitahröðum sem félagið seldi tengdum sem ótengdum aðilum við viðmiðunartilboð sitt og uppfæra kostnaðargreiningu sína með tilliti til þessa.²

Uppfært viðmiðunartilboð samkvæmt ofangreindu barst PFS síðan með tölvupósti, dags. 5. nóvember 2009.

Með tilkynningu á heimasíðu PFS, dags. 6. nóvember 2009, óskaði stofnunin eftir umsögnum, athugasemdum eða ábendingum hagsmunaaðila vegna viðmiðunartilboðs Mílu.

Umsagnir bárust frá þremur aðilum, IP-fjarskiptum ehf. (Tal), dags. 1. desember 2009, Gagnaveitu Reykjavíkur, dags. 18. desember 2009 og Og fjarskiptum ehf. (Vodafone), dags. 23. desember 2009.

Með bréfi PFS, dags. 30. desember 2009 var Mílu gefin kostur á að tjá sig um framkomnar athugasemdir fyrirtækjanna. Svör Mílu bárust með bréfi, dags. 28. janúar 2010.

Með tilkynningu á heimasíðu PFS þann 27. ágúst 2010 ákvað stofnunin að efna til aukasamráðs vegna nýs viðauka „Viðauki 7 sérlausnir á etherneti“, sem birtur er með viðmiðunartilboði Mílu á stofnlínnumarkaði (markaður 14). Í viðaukanum er kynnt ný þjónusta sem sérstaklega er sniðin að þörfum minni sveitarfélaga. Með viðbótinni hyggst Míla bjóða

¹ Með bréfi Mílu, dags. 21. október 2010, til Póst- og fjarskiptastofnunar, tilkynnti Míla um nýja vöru á markaði 14, 2 Gbit/s leigulínu.

² Upplýsingar um þá hraða sem nú eru í boði verða birtar í ákvörðun PFS um niðurstöðu kostnaðargreiningar á mörkuðum 13 og 14.

upp á gagnasambönd frá næsta hnútpunkti leigutaka að búnaði þeim sem tengist heimtaugum. Með bréfum, dags. 14. september 2010 bárust athugasemdir frá tveimur fjarskiptafyrirtækjum Símanum og Vodafone. Þá liggja einnig fyrir skýringar Mílu í bréfi, dags. 14. september 2010. Gerð verður grein fyrir ofangreindu aukasamráði sem og afstöðu PFS í kafla 4.

1.1 Heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar

Fjarskiptalög nr. 81/2003

Í 33. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti er kveðið á um aðgang að leigulínum, en ákvæðið hljóðar svo:

„Ríki ekki virk samkeppni á markaði fyrir leigulínur eða ákveðnar tegundir þeirra skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk bjóða fram leigulínur í heildsölu eða smásölu af þeirri tegund sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði.“

Kvaðir samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2007

Þar sem mál það sem hér er til meðferðar varðar yfirferð á viðmiðunartilboði Mílu fyrir leigulínur verður samhengisins vegna gerð grein fyrir helstu skyldum Mílu varðandi kvöð um aðgang, jafnræði, gangsæi og eftirlit með gjaldskrá hér að neðan. Eðli málsins samkvæmt verður meginumfjöllunin um þá gagnsæiskvöð sem hvílir á Mílu.

Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti

Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Mílu, um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang fyrir lúkningarluta leigulína og þjónustu á heildsölustigi. Fyrirtækin skulu m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu og opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum og annarri tækni, og samtenginu neta. Samningum um aðgang og samtenginu við leigulínunet Símans og Mílu skal ljúka innan eðlilegra tímamarka og án óþarfar tafar.

Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Mílu um gagnsæi. Fyrirtækið skal útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtengingu leigulína og upplýsingar um aðgang að lúkningarluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála.

Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Mílu ehf. um eftirlit með gjaldskrá vegna lúkningarluta leigulína. Míla skal halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Míla geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasamhengi. Míla skal afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi lúkningarluta leigulína og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá fyrir leigulínur setur PFS það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Mílu skuli vera tilkynntar til PFS og munu þær ekki

öðlast gildi nema með fyrirfram samþykki PFS. Unnið er að kostnaðargreiningu gjaldskrár Mílu í sérstöku máli hjá PFS og er þess vænst að niðurstaða liggi fyrir innan tíðar.

2 Meginefni viðmiðunartilboðsins

2.1 Almennar athugasemdir hagsmunaaðila við viðmiðunartilboðið

Í almennum athugasemdum Vodafone kemur fram að með ákvörðun PFS nr. 20/2007, dags. 14. september 2007, hafi Síminn verið útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð á leigulínum (markaður 7) og Síminn og Míla útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14) bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Á félögin hafi verið lagðar ýmsar kvaðir m.a. um að útbúa og birta viðmiðunartilboð um samtengingu leigulína í heildsölu og upplýsingar um aðgang að lúkningarhluta leigulína í heildsölu og upplýsingar um aðgang að stofnlínuhluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. um gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála.

Taldi Vodafone að þau tvö ár sem liðin væru frá því að framangreindar kvaðir voru lagðar á fyrirtækið þar til umrædd viðmiðunartilboð voru birt hafi verið allt of langur og til þess fallin að viðhalda þeim aðgangshindrunum sem eru á markaðinum og þar með draga úr samkeppni frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Þá taldi fyrirtækið óásættanlegt að engin verð hafi verið birt með viðmiðunartilboði Mílu og viðmiðunartilboði Símans um IP/ATM- stofnlínur.

Þá benti félagið á vandamál sem félagið taldi að ákvörðun nr. 20/2007 hafi verið ætlað að leysa en ekki sé hægt að sjá að það hafi verið gert í framangreindum viðmiðunartilboðum. Vandamálið varði aðgang að ljósleiðurum sem Míla hafi lagt í fjölmörgum hverfum í stað þess að leggja koparheimtaugar. Í ljósi þess að markaður 11 um koparheimtaugar hafi ekki tekið á þessari tækni væri mikilvægt að markaðir fyrir leigulínur tryggðu jafnan aðgang að þessum ljósleiðaratengingum. Vodafone fari því fram á að PFS geri nauðsynlegar breytingar á viðkomandi viðmiðunartilboðum, sérstaklega fyrir markað 13, og tryggi jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að ljósleiðaratengingum.

Í almennum athugasemdum Mílu leggur fyrirtækið áherslu á að það hafi birt viðmiðunartilboð fyrir leigulínur í formi leigulínugjaldskrár, þar sem skilgreining vöru, verð og almennir skilmálar hafi verið birtir og fyrirtækið hafi þannig uppfyllt skilyrði um viðmiðunartilboð. Gagnsæi hafi því verið við lýði að því er varðar verð, vöruframboð og skilmála. Að kröfu PFS hafi fyrirliggjandi tilboð verið uppfært og verið fyrst sent inn til PFS með bréfi, dags. 14. ágúst 2009, önnur útgáfa hafi verið send með bréfi, dags. 24. september og þann 5. nóvember hafi verið send inn útgáfa þar sem öll verð hafi verið tekin út.

Telur Míla rétt að þessi feril sé rakinn þar sem í bréfi PFS, dags. 6. nóvember 2009, sé eingöngu vitnað til útgáfunnar sem dagsett er þann 5. nóvember 2009 og einnig til að áréttta að fjarskiptafyrirtæki sem vilja nýta sér þjónustu Mílu hafi alltaf átt þess kost að kynna sér vörur, verð og skilmála Mílu á heimasíðu fyrirtækisins. Að mati Mílu sé það ómálefnalegt að halda því fram að ekkert viðmiðunartilboð hafi verið fyrir hendi af hálfu Mílu.

2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

2.2.1 Um birtingu viðmiðunartilboðs

Eins og fram kemur í inngangskaflanum er í gildi ígildi viðmiðunartilboðs sem birt er á heimasíðu Mílu í formi leigulínugjaldskrár, þar sem er að finna skilgreiningu á vöru, verðum og almennum skilmálum. Það er því ekki þannig eins og skilja má athugasemdir Vodafone að viðsemjendur Mílu hafi ekkert til að styðjast við þegar kemur að aðgangi að leigulínunum. Í þeirri verðskrá sem birtist á heimasíðu Mílu, dagsett 1. mars 2010, er m.a. að finna lýsingar á því hvaða leigulínur eru í boði hjá fyrirtækinu og falla undir viðkomandi markaði þ.e. notendalínur og stofnlínur, hvernig verð fyrir leigulínur skiptist í afgreiðslugjald, stofngjald og leigu sem greiðist mánaðarlega, ákvæði um flutningsgjöld, breytingar á flutningsgetu, skammtímatengingar, afturköllunargjald og viðtökugjald. Einnig gjaldskrá fyrir Ethernet og skilmálar, lýsing á varaleiðum og tilheyrandi verðskrá, auk verðskrár fyrir ljóslínu og fyrir sjónvarps- og hljóðvarpsflutninga.

Stofnunin tekur hins vegar undir með Vodafone að meðferð þessa máls, að því er varðar staðfestingarferli á uppfærðu viðmiðunartilboði Mílu, sem fyrirtækinu var gert skylt að útbúa hefur tekið lengri tíma en vonir stóðu til og biðst stofnunin velvirðingar á því.

2.2.2 Um kostnaðartengda gjaldskrá

Eins og fram kemur í inngangskafla þá hefur hin nýja verðskrá fyrir leigulínur ekki verið birt á þessu stigi þar sem þau hafa ekki verið samþykkt af hálfu PFS. Afstaða stofnunarinnar til þessa atriðis tók m.a. mið af því að í gildi er verðskrá sem tók gildi 1. apríl 2006 (nú dagsett 1. mars 2010) og reglur þar að lútandi. Það er því ekki rétt sem fram kemur í athugasemdum Vodafone að engin verðskrá hafi legið fyrir um lengri tíma eftir að kvöðin var lögð á.

Sérstakt mál er til meðferðar hjá PFS varðandi yfirferð á kostnaðarlíkani fyrir leigulínur, stofngjöldum og afgreiðslugjöldum. Það mál tengist því máli sem hér er til umfjöllunar með óbeinum hætti enda eru slík verð hluti af því viðmiðunartilboði um leigulínur sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er þó að ný verð taka ekki gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt af PFS. Að mati PFS er óhætt að fjalla um skilmála fyrir aðganginn, þ.e. viðmiðunartilboðið í sérstöku máli og ljúka því áður en verðskráin er samþykkt, en stofnunin mun gæta þess að samræmis sé gætt varðandi forsendur aðgangsins og ákvörðun um verðlagningu hans.

Þann 1. júlí 2009 skilaði Míla inn til PFS kostnaðargreiningu á markaði 13 og 14. Kostnaðarlíkanið fyrir markaðina var unnið af ráðgjafafyrirtækinu Analysys Mason og byggir á sögulegum kostnaði Mílu. Byggt er á rekstarkostnaði Mílu, fjárfestingarkostnaði liðinna ár og fjölda lína í notkun. Hnútpunktur voru skilgreindir þar sem einn eða fleiri aðilar hafa möguleika á að tengjast inn á net Mílu.

Ein meginbreytingin sem gerð er frá fyrri kostnaðarútreikningum PFS er að beinlínuvegalengd er notuð til grundvallar á leiguverðum í stað heildarvegalengdar leigðra lína. Þá er og gert ráð fyrir því að tekið sé upp nýtt afsláttarfyrirkomulag sem byggir á tímalengd samninga í stað heildarvegalengd lína sem leigðar eru. Þá mun og vöruframboð Mílu taka einhverjum breytingum, einstakar vörur munu hætta og aðrar munu koma í staðinn.

Með bréfi, dags. 2. júní 2010 sendi PFS athugasemdir og spurningar varðandi greiningu Mílu, sbr. kostnaðarlíkan Analysys Mason, sem skilað hafði verið inn til PFS. Spurningar PFS beindust að ýmsum þáttum m.a. varðandi kostnað og fjárfestingu í búnaði.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 2010, bárust svör Mílu við athugasemdum og spurningum PFS, auk endurskoðaðra verðútreikninga.

Þann 14. desember 2009 barst greining á verði fyrir ljóslínu frá nettengipunkti að næstu símsstöð. Eftir nokkur samskipti á milli PFS og Mílu samþykkti PFS, með bréfi, dags. 12. apríl 2010, til bráðabirgða að verð fyrir slíka tengingu skyldi vera 11.608 kr., þar til PFS hefur samþykkt nýtt kostnaðargreint verð. Verðskrá og skilmála fyrir ljóslínur má sjá í kafla V. í gildandi verðskrá, dags. 1. mars. 2010.

Ljóst er að verð fyrir leigulínur er gríðarlega mikilvæg fyrir þróun samkeppni á fjölmörgum fjarskiptamörkuðum. Því þarf að tryggja að kostnaðargreining á þeim markaði sé eins vönduð og unnt er. Við val PFS á aðferð við ákvörðun verðs fyrir leigulínur hefur stofnunin lagt áherslu á að aðferðin gæfi kost á að niðurstaða fengist á skömmum tíma en leiddi þó til niðurstöðu sem væri eðlileg og sanngjörn á báða bóga og verðlagningar sem ekki væri langt umfram raunverulegan kostnað, en tryggði Mílu jafnframt eðlilegan arð af fjárfestingum.

Ljóst er af forsendum ákvörðunar PFS nr. 20/2007 og athugasemdum Vodafone að vonir stóðu til að kostnaðargreining á leigulínunum myndi leiða til verðlækkunar. Þá er ljóst að vonir PFS til skjótrar málsmeðferðar umræddrar kostnaðargreiningar hafa ekki ræst. PFS hyggst á næstu mánuðum leggja áherslu á að hraða yfirferð kostnaðargreiningar Mílu. Er stefnt að því að vinnu verði lokið á 2 ársfjórðungi þessa árs.

Þangað til þeirri vinnu líkur mun áfram vera í gildi verðskrá fyrir leigulínur í heildsölu sem dagsett er 1. mars 2010. Sú verðskrá sem þar birtist skal skoðast sem viðauki við þau viðmiðunartilboð sem hér eru til meðferðar.

2.2.3 Um aðgang að ljósleiðaraheimtaugum

Í athugasemdum Vodafone er vikið að vandamáli sem félagið taldi að ákvörðun nr. 20/2007 hafi verið ætlað að leysa varðandi aðgang að ljósleiðurum sem Míla hafi lagt í fjölmörgum hverfum í stað þess að leggja koparheimtaugar. Í ljósi þess að markaður 11 um koparheimtaugar hafi ekki tekið á þessari tækni væri mikilvægt að markaðir fyrir leigulínur tryggðu jafnan aðgang að þessum ljósleiðaratengingum. Fór fyrirtækið því fram á að PFS gerði nauðsynlegar breytingar á viðmiðunartilboði Mílu á markaði 13, til að tryggja jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að ljósleiðaratengingum.

Eins og Vodafone bendir á þá er ljóst að kvaðir á markaði 11 ná ekki yfir ljósleiðaraheimtaugar Mílu. Hins vegar kynnti Míla þann 20. febrúar 2008 verðskrá og skilmála fyrir ljósleiðaraheimtaugum sem yrði boðin í nýjum hverfum til að byrja með. Kom fram að fjarskiptafyrirtækjum væri boðinn opinn aðgangur að slíkum heimtaugum. Umrædd þjónusta hefur verið í boði frá þeim tíma undir vörueitinu „Ljósið heim“ og er á óbreyttu verði til fjarskiptafyrirtækja eða 1.251 kr. á mán. án vsk.³

Hvað varðar kvöð um aðgang að ljósheimtaug á markaði 13 þá er slíkur aðgangur fyrir hendi. Í „Verðskrá og reglur fyrir leigulínur í heildsölu“, dags. 1. mars 2010, kemur fram að Míla býður

³ Sjá slóðina <http://mila.is/adgangsnet/ljosid-heim/>

fjarskiptafyrirtækjum ljóslínu frá nettengipunkti að næstu símsstöð, bæði eitt par og einn þráð.⁴ Að mati PFS tryggir framangreint jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að ljósleiðaraheimtaugum Mílu og mun framangreint ákvæði koma fram í viðmiðunartilboði Mílu fyrir leigulínur.

3 Athugasemdir við einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka þess

Hér á eftir verður fjallað um þá skilmála viðmiðunartilboðsins sem gerðar hafa verið athugasemdir um af hálfu markaðsaðila, auk þeirra skilmála sem PFS tók til skoðunar af eigin frumkvæði. Með öðrum orðum skoðast þeir skilmálar sem ekki er vikið að sérstaklega samþykktir af hálfu PFS að svo stöddu. PFS áskilur sér þó rétt til að endurskoða þá afstöðu síðar ef ástæða þykir til. Til hægðarauka verða viðkomandi ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka þess tilgreind í upphafi umfjöllunar:

3.1 Markmið samningsins, kafli 1.2.

Markmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarna beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðgang að leigulínum.

Verðskrá leigulína sem tók gildi 1. apríl 2006 og reglur þar að lútandi eru settar samkvæmt lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

3.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Gagnaveitu Reykjavíkur (hér eftir GR) er vikið að því að samningurinn geri ekki ráð fyrir aðkomu 3ja aðila vegna tengingar viðskiptavina Mílu við önnur fjarskiptanet. Eini tilgangur GR með því að setja upp búnað vegna fjarskiptalagna í húsnæði Mílu er að þjónusta þá viðskiptavinum GR sem hafi gert samning við Mílu og aðgang að koparheimtaugum eða leigulínum. Taka þurfi tillit til þessara kringumstæðna í samningnum, þ.m.t. skyldur aðila, hverjir eru samningsaðilar, skilgreiningu á vörunni (fyrir hvað er greitt) og hver beri ábyrgð á greiðslunni. Þá þurfi einnig að gera ráð fyrir að fleiri en einn þjónustukaupi nýti sér tengingar við fjarskiptanet þriðja aðila.

Í svari Mílu vegna þessarar athugasemdar þá bendir fyrirtækið á að með ákvörðun PFS nr. 29/2007, hafi verið lagðar tilteknar kvaðir á Mílu um að veita eðlilegan og sanngjarnan aðgang að stofnlínu- og lúkningarluta leigulína. Kvaðirnar tengjast því aðgangi að leigulínum Mílu. Viðmiðunartilboð um leigulínur og hýsingu sé tilboð til þess aðila sem vill óska eftir aðgangi að leigulínum Mílu. Framsal á samningnum sé ekki heimilt nema með leyfi gagnaðila, skv. almennum skilmálum í viðmiðunartilboði. Míla sé einnig háð ströngum gæðaviðmiðunum og reglum er varða vernd og virkni fjarskiptaneta, sbr. Reglur PFS nr. 1222/2007 þess efnis. Það sé því algjört skilyrði af hálfu Mílu að engir aðrir en þeir sem Míla hefur veitt aðgang og gert samning við fái aðgang að húsnæði Mílu nema það sé sérstaklega tekið fram í samningnum milli aðila og í samráði við Mílu.

Þá bendir Míla á að ekkert sé í vegi fyrir því að fyrirtækið veiti sanngjarnan og eðlilegan aðgang þeim sem þess óska, en reglurnar verði að vera skýrar og samningssamband milli Mílu og viðkomandi aðila.

⁴ Sjá slóðina

http://mila.is/servlet/file/Leigul%C3%83%C2%ADnuver%C3%83%C2%B0skr%C3%83%C2%A1%201.mars2010.pdf?ITEM_ENT_ID=8799&COLLSPEC_ENT_ID=2

Að lokum tiltekur Míla að hýsingargjaldskrá sé í vinnslu og að Míla hafi í hyggju að bjóða upp á lögbundna hýsingu sem annars vegar er háð kvöðum og hins vegar aðstöðuleigu sem ekki sé háð kvöðum.

3.1.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Um 1. mgr. setur Míla svohljóðandi almennan fyrirvara um markmiðið með samningnum:

Markmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarna beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðgang að leigulínum.

Hvað varðar athugasemdir Gagnaveitunnar þá var leyst úr þeim ágreiningi sem vikið er að í athugasemdunum með ákvörðun PFS nr. 23/2009, er varðaði gjaldskrá fyrir hýsingarþjónustu. Þá hefur PFS einnig birt ákvörðun sína nr. 41/2010 varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu).

Jafnframt útilokar viðmiðunartilboðið ekki, að mati PFS, að þriðji aðili geti fengið aðgang að leigulínum og nauðsynlegri aðstöðu til að geta þjónustað eigin viðskiptavinum, enda sé hann sjálfur í viðskiptasambandi við Mílu, eins og er í tilviki GR. Eðli málsins samkvæmt þarf viðsemjandi að hafa aðgang að aðstöðu og frelsi til að athafna sig til að geta sinnt sínum viðskiptavinum, t.d. hvað varðar samtengingar. Að þessu sögðu telur stofnunin ekki tilefni til að gera breytingar á umræddum skilmála.

Vegna þeirra skýringa sem fram koma hjá Mílu vegna greinar 1.2. vill PFS taka fram að það sé lögskýringaratriði í hvert og eitt sinn hvort að beiðni um aðgang sé réttmæt og sanngjörn, sbr. t.d. ákvörðun PFS nr. 34/2010.

Verðskrá leigulína sem tók gildi 1. apríl 2006 og reglur þar að lútandi eru settar samkvæmt lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

Í 2. mgr. skilmálans er vísað til verðskrá leigulína sem tók gildi 1. apríl 2006 og reglur þar að lútandi. Þann 1. mars 2010 tók gildi ný verðskrá fyrir leigulínur í heildsölu. Í hinni nýju útgáfu var sett gjaldskrá fyrir ljóslínur. Með bréfi PFS, dags. 12. apríl 2010, hafnaði PFS þeirri greiningu Mílu á verði fyrir ljóslínur frá nettengipunkti að næstu símstöð eins og hún lá þá fyrir og tiltók að kostnaðargreining vegna verðs fyrir ljóslínur yrði tekin samhliða yfirferð á kostnaðargreiningu Mílu á leigulínum sem nú stæði yfir.

Þrátt fyrir framangreint gerði PFS ekki kröfu um breytingu á gjaldskránni vegna ljóslínu. Samþykkti PFS til bráðabirgða að verð á mánuði skyldi vera 11.608 kr. fyrir slíka tengingu eða sem svarar til 70% af verði fyrir eitt par, þar til PFS hefur samþykkt nýtt kostnaðargreint verð.

Með hliðsjón af ofangreindu uppfærast tilvitnun í 2. mgr. með eftirfarandi hætti:

Verðskrá leigulína sem tók gildi 1. mars 2010 og reglur þar að lútandi eru settar samkvæmt lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

3.2 Verð, kafli 3

Verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að leigulínum er nánar lýst í viðauka 2. Verð í samningi þessum og viðauka er án vsk.

Þjónustusali skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 30 daga fyrirvara.

3.2.1 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Engar athugasemdir bárust frá fjarskiptafyrirtækjum vegna þessa skilmála. Póst- og fjarskiptastofnun þykir allt að einu ástæða til að fjalla um hann. Í ákvörðun PFS nr. 11/2009 er m.a. að finna eftirfarandi umfjöllun um sambærilegan skilmála og hér er til skoðunar, þar segir:

„Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 29/2008, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 8-10), skal Síminn tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrirfram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Þó að þessi kvöð hvíli aðeins á Símanum telur PFS að rök standi til þess að viðsemjandi Símans verði að tilkynna Símanum með sama fyrirvara ef hann hyggst gera verðbreytingar á sinni samtengingarþjónustu. Helgast það m.a. af því að samkvæmt 3. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga skulu fjarskiptafyrirtæki tilkynna viðskiptavinum sínum um verðbreytingar með 30 daga fyrirvara. Til að Síminn geti brugðist við gagnvart sínum viðskiptavinum, ef breytingar á samtengingarþjónustu viðsemjanda hans kemur til með að hafa áhrif á smásöluverð fyrirtækisins, er nauðsynlegt að Símanum sé einnig tilkynnt um breytingar með 60 daga fyrirvara.“

Telja verður að sömu sjónarmið eigi hér við enda starfar Míla eingöngu á heildsölumarkaði. Ákvæðið skal því orðast með eftirfarandi hætti:

„Verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að leigulínum er nánar lýst í viðauka 2. Verð í samningi þessum og viðauka er án vsk.

Þjónustusali skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

3.3 Reikningar og greiðslur, kafli 4

Reikningstímabil miðast við almanaxsmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Þjónustukaupi skal greiða mánaðarlega samkvæmt verði í almennri verðskrá þjónustusala.

Gjalddagi reikninga er 20. næsta mánaðar eftir útgáfudag og eindagi er 2. dag næsta mánaðar eftir gjalddaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal þjónustukaupi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 3872001, frá og með gjalddaga til greiðsludags, auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörunar leggst á kröfu við útsetningu tveim dögum eftir eindaga.“

3.3.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að það sé ekkert sem segir að eindagi í samtengisamningi þurfi að vera sá sami og er í almennum viðskiptaskilmálum á smásölumarkaði. Vodafone telur þannig eðlilegar og skynsamlegra að eindagi reikningar

vegna kaupa á heildsöluþjónustu sé nokkrum dögum eftir eindaga reikninga fyrir smásöluþjónustu.

Í svari Mílu kemur fram að fyrirtækið leggi áherslu á að gjalddagar séu samræmdir fyrir alla viðskiptavinum fyrirtækisins. Míla hafi gert samninga við viðskiptavinum sína og til að hámarka hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins og halda kostnaði í lágmarki er reynt að halda samræmi enda verði jafnræði og gagnsæi þannig best virt.

3.3.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með ákvörðun PFS nr. 11/2009 var sambærilegur skilmáli og hér er til umfjöllunar samþykktur af hálfu stofnunarinnar. Vísaði stofnunin m.a. til þess að engin ákvæði fjarskiptalaga tækju efnislega á álitamálinu og giltu því almennar kröfuréttarreglur. Þá hafi Vodafone ekki sýnt fram á að um óeðlilegan skilmála væri að ræða. Í viðmiðunartilboðum TDC í Danmörku væri t.d. miðað við að gjalddagi/eindagi sé 30 dögum eftir útgáfu reiknings.

Með vísun til ofangreinds verður ekki séð umræddur skilmáli sé á neinn hátt óeðlilegur.

3.4 Takmörkun vegna öryggisástæðna, kafli 8

Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að rjúfa tengingu leigulínu fyrirvaralaust og án þess að tilkynna þjónustukaupa um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis.

3.4.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að fyrirtækið telur nauðsynlegt að skilgreint sé betur hvað falli undir neyðartilfelli sem heimili Mílu að rjúfa tengingar leigulína fyrirvaralaust og án þess að tilkynna þjónustukaupa um það. Telur Vodafone að eins og ákvæðið sé orðað sé heimildin mjög rúm.

Í svari Mílu kemur fram að fyrirtækið geri almennar kröfur til tæknilegra skila í samræmi við kröfur sem almennt eru gerðar á EES svæðinu. Ef viðskiptavinur telur að Míla gangi of langt í tilteknu tilviki þá hafi hann kost á að bera ágreininginn undir PFS.

3.4.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2007 er Mílu heimilt að takmarka aðgang að og notkun á leigulínum á grundvelli grunnkrafna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, samstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna.

Í 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, sbr. lög nr. 39/2007, er sú skylda lögð á fjarskiptafyrirtæki að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Jafnframt er PFS falið að setja sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Þær eru nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum, nr. 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta og nr. 1223/2007 um vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu. Í greinargerð með lögnum er vikið að því að þær ráðstafanir sem hér koma til álita séu flestar skipulags og tæknilegs eðlis og lúti m.a. að varaleiðum, burðargetu kerfa, stjórn þeirra og ytra umhverfi.

Í 22. gr. reglnanna er fjallað um stjórnun fjarskiptaumferðar í tilefni af truflunum og bilunum í fjarskiptanetum, en 1. mgr. ákvæðisins er svohljóðandi:

„Á grundvelli bilana- og truflanaskýrslna eða tilkynninga frá búnaði, skulu fjarskipta-fyrirtæki, á hvaða tíma sólarhringsins sem er, hafa getu til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera við bilanir sem valda mikilli truflun á umferð og þjónustu.“

Að áliti PFS verður að leggja þann skilning í orðlagið að fjarskiptafyrirtæki skuli hafa getu til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við bilunum feli í sér heimild til að rjúfa tengingu fjarskiptaneta tímabundið sé það nauðsynlegt til að takmarka eða koma í veg fyrir tjón vegna bilana og truflana. Hins vegar skulu fjarskiptafyrirtæki vera með skýra og skilvirka ferla vegna tilkynninga um ósamfellda virkni, eða hættu á slíku í almennum fjarskiptanetum sínum, svo sem af völdum truflana, bilana og breytinga, sbr. 24. gr. reglnanna. Í þessu ákvæði fellst skýlaus skylda Mílu til að tilkynna viðskiptavinum sínum um slíkar aðgerðir.

Samkvæmt framansögðu telur PFS að það sé til bóta að getið sé um þessa heimild í samningi við viðsemjanda. Með tilliti til þess að slíkur skilmáli standist framangreind ákvæði skal hann orðast svo:

„Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að rjúfa tengingu leigulínu fyrirvaralaust ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis. Tilkynna skal viðsemjanda um slíka ráðstöfun eins fljótt og mögulegt er ...“

3.5 Veruleg vanefnd riftun þegar í stað, kafli 9.2.

[...]

- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlega atvika.
- d) ef þjónustukaupi setur upp búnað sem ekki fullnægir tækniskilmálum sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.

3.5.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við ofangreinda liði og telur að það sé ekki ásættanlegt að Míla geti ráðið með þessum hætti hvaða búnað þjónustukaupi er að nota. Þá telur fyrirtækið einnig að vanefndaúrræði eigi að vera gagnkvæm.

Í athugasemdum Mílu kemur fram að hvorum aðila um sig sé heimilt að rifta samningnum og vanefndaákvæðin séu gagnkvæm eðli málsins samkvæmt. Að öðru leyti vísar fyrirtækið til almennra öryggisreglna sem Mílu ber að viðhafa og séu kröfur til búnaðar eingöngu gerðar í því skyni að koma í veg fyrir truflanir og vernda öryggi kerfisins.

3.5.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með reglum nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta voru settar lágmarkskröfur um öryggi fjarskiptaneta. Markmið reglnanna er að auka neytendavernd og treysta stöðir upplýsingasamfélagsins. Í reglunum er m.a. kveðið á um það að í fjarskiptanetum eigi að nota viðurkenndan búnað. Krafa um að búnaður uppfylli tækniskilmála styðst einnig við 59. gr. fjarskiptalaga, þar sem fram kemur að tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skuli að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Af þessu má sjá að löggjafinn hefur lagt ríka áherslu á að við uppbyggingu fjarskiptaneta hér á landi sé fylgt viðurkenndum stöðlum og öryggi fjarskiptaneta ávallt haft í fyrirrúmi við uppbyggingu netanna. Í því ljósi verður að ætla að hægt sé að rifta samningi af hálfu Mílu, þar sem sannað

þykir að viðsemjandi fer ekki eftir þeim reglum sem í gildi eru varðandi uppsetningu á búnaði. Sönnunarbyrði um að búnaður sé ekki viðurkenndur hvílir á Mílu. Ef upp kemur ágreiningur um hvort búnaður uppfylli tækniskilmála er hægt að bera hann undir PFS, sbr. 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við d-lið kafla 9.2. viðmiðunartilboði Mílu um leigulínur.

3.6 Greiðslutrygging kafli 12

Þjónustusala er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála sammingsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna.

3.6.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við að Símanum sé veittur fortakslaus einhliða réttur til að krefja viðsemjanda sinn um greiðsluábyrgð. Að mati fyrirtækisins ætti þessi réttur að verða virkur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þar sem um sé að ræða mjög íþyngjandi skyldu fyrir það fjarskiptafyrirtæki sem leggja þyrfti fram greiðsluábyrgð.

Í svari Mílu kemur fram að fyrirtækið geti þurft að leggja út í verulegar fjárfestingar og það sé málefnalegt að krefjast greiðsluábyrgðar þegar þannig háttar til. Telji viðskiptavinur að um ómálefnalega kröfu sé að ræða þá hafi sá aðili alltaf möguleika á því að bera slíkt undir PFS í hverju tilviki fyrir sig.

3.6.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS hefur áður fjallað um sambærilegar athugasemdir og Vodafone gerir hér. Í umfjöllun stofnunarinnar í ákvörðun nr. 11/2009 segir eftirfarandi:

Í ákvörðun PFS nr. 29/2008 á mörkuðum 8-10 er sérstaklega tiltekið að Síminn megi ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS. Engar skýringar er þó að finna í ákvörðuninni um hvaða sjónarmið PFS áttlar að leggja til grundvallar ef sú beiðni berst frá Símanum að fyrirtækið hafi í hyggju að krefja viðsemjanda sinn um bankaábyrgð.

Að mati PFS getur verið óeðlilegt af hálfu Símans að krefjast bankaábyrgðar af viðsemjendum sínum sem hafa hugsanlega verið lengi í viðskiptasambandi við fyrirtækið án þess að komið hafi til greiðslufalls eða greiðsludráttar af neinu tagi. Hins vegar verður ekki annað séð en að það sé viðtekin venja að fyrirtæki í sambærilegri stöðu og Síminn hafi í viðmiðunartilboðum sínum skilmála um greiðsluábyrgðir. Af orðalagi skilmálans má ráða að ekki er um fortakslaus skilyrði fyrir samtengissamningi á grundvelli viðmiðunartilboðsins að ræða, heldur nokkurs konar valkvætt skilyrði að ræða. Í viðmiðunartilboði TDC í Danmörku um samtengingu talsímaneta er orðalag með hliðstæðum hætti, sbr. eftirfarandi skilmáli í grein 12.2 „*Sikkerhedsstillelse Standard*“ „*TDC er til enhver tid berettiget til, efter TDC's valg, at kræve en uigenkaldelig anfordringsgaranti stillet i et af TDC anerkendt pengeinstitut eller kautionsinstitut til sikkerhed for enhver betaling eller forpligtelse i øvrigt, der påhviler Operatøren i henhold til denne aftale.*“

Með hliðsjón af ofangreindu verður ekki annað séð en að sanngjarnt sé að Síminn geti í sumum tilvikum krafist tryggingar fyrir því að viðsemjandi hans setji bankaábyrgð fyrir þeim greiðslum sem geta fallið á hann vegna samtengingarinnar, bæði þá umferðagjöldum sem og beinum kostnaði sem til getur fallið vegna samtengingarinnar. Stofnunin mun hins vegar í samræmi við niðurstöðu á greiningu á mörkuðum 8. 9. og 10 meta hvert tilvik fyrir sig ef eftir því verður leitað af hálfu þeirra fjarskiptafyrirtækja sem telja að Síminn sé að misnota þessa heimild og setja upp með beitingu þess einhverjar óeðlilegar markaðshindranir.

Stofnunin telur því rétt að svo stöddu að hin nýja grein fái að standa óbreytt en áskilur sér rétt til að endurskoða þennan skilmála í ljósi þess hvernig framkvæmd og beiting Símans á þessari heimild til töku greiðsluábyrgðar verður.

Stofnuninni er ekki kunnugt um nein þau tilvik þar sem Míla hefur sett fram ósanngjarnar kröfur um bankaábyrgðir vegna þeirra viðskipta sem fyrirhuguð er. Í ljósi þess, sbr. einnig ofangreind umfjöllun í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009 telur PFS rétt að skilmálinn fái að standa óbreyttur í viðmiðunartilboðinu. Ef hins vegar ástæða er til að endurskoða tilvitnaðan skilmála sem og aðra sambærilega í þeim viðmiðunartilboðum sem Míla er skyldug til að birta er eðlilegast að það verði gert heildstætt og taki þá til allra þeirra viðmiðunartilboða þar sem sett er heimild til töku tryggingar fyrir væntanlegum viðskiptum.

3.7 Tæknileg hæfni, kafli 13

Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem þjónustukaupi sér um rekstur á og kann að hafa áhrif á fjarskiptabúnað þjónustusala og/eða þriðja aðila er þjónustusala heimilt að krefjast þess að þjónustukaupi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfyllir eðlilegar öryggisreglur.

3.7.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur nauðsynlegt að ákvæðið verði skilgreint frekar þar sem orðalag þess sé með þeim hætti að Míla gæti með auðveldum hætti hafnað að veita aðgang með vísan til þess að búnaður eða færni tæknimanna viðsemjanda sé ekki fullnægjandi og uppfylli ekki almennar öryggiskröfur. Vodafone fer því fram á að PFS geri nauðsynlegar breytingar á ákvæðinu þannig að réttur þeirra fjarskiptafyrirtækja sem vilja kaupa aðgang að leigulínum Mílu sé tryggður.

Í athugasemdum Mílu kemur fram að fyrirtækið telur að ákvæðið sé í samræmi við fjarskiptalög og reglur PFS nr. 1222/2007 og hamli á engan hátt rétti leigutaka til að fá eðlilegan og sanngjarnan aðgang að leigulínum eða veiti leigusala rétt til að hafna aðgangi sé þessum reglum fylgt.

3.7.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS kemur orðalag ákvæðisins ekki í veg fyrir að viðsemjandi Mílu geti vísað ágreiningi sem sprottin væri um þau atriði sem nefnd eru í ákvæðinu til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eðlilegt verður að telja að gerð sé krafa um að fylgt sé viðurkenndum stöðlum, sbr. 59. gr. fjarskiptalaga. Krafa um tæknilega færni þeirra starfsmanna sem vinna við fjarskiptanetið á sér einnig stoð í 67. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem er svo hljóðandi:

“Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki”

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við grein 13 í viðmiðunartilboði Mílu um leigulínur.

3.8 Breytingar á samningi, kafli 17.3

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur milli þjónustusala og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjendur þjónustusala ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðsins til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnun. Þjónustusali birtir viðmiðunartilboð sitt um aðgang að leigulínum á vef sínum.

3.8.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á að fyrirtækið hafi áður gert athugasemdir við einhliða breytingar á gildandi samningi með birtingu nýs viðmiðunartilboðs. Telur fyrirtækið að þetta sé í algjörrri andstæðu við þá meginreglu að aðilar semji sín á milli um samtengingu með viðmiðunartilboð til hliðsjónar eftir atvikum. Þetta þýði að samningsaðilar Mílu þurfi að gæta hagsmuna sinna gagnvart Mílu með því að gera athugasemdir til PFS sem oft leiði ekki til ásættanlegrar niðurstöðu. Mílu sé ekki einu sinni skylt að tilkynna samningsaðilum sínum um breytingarnar sem sé óskiljanlegt. Vodafone telur jafnframt óásættanlegt að Míla geti mælt fyrir um að sá hluti viðmiðunartilboðsins sem viðsemjandi er ósáttur við taki gildi þremur mánuðum eftir birtingu hafi PFS ekki skorið úr ágreiningi.

Viðmiðunartilboð sé ekki samningur heldur tilboð um samning sem hafa á til viðmiðunar þegar aðilar eru að semja. Viðmiðunartilboð Mílu geti ekki takmarkað rétt aðila til að semja við Mílu. Míla eins og önnur fyrirtæki eigi að semja um breytingar á gildandi samningum sínum við sína samningsaðila.

Vodafone fer því fram á það að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að Míla þurfi að tilkynna með sannarlegum hætti öllum sínum samningsaðilum að nýtt viðmiðunartilboð hafi verið birt. Viðmiðunartilboðið taki svo gildi þremur mánuðum eftir að slík tilkynning berst að því gefnum að það hafi verið borið undir PFS og álit þess liggja fyrir. Þá telur Vodafone nauðsynlegt að þeir þættir sem viðsemjandi Símans sættir sig ekki við og vill bera undir PFS taki ekki gildi fyrr en endanleg ákvörðun PFS um þann ágreining liggur fyrir, hvort sem það væri þremur mánuðum eftir birtingu eða síðar.

Í athugasemdum Mílu kemur einungis fram að ekki sé verulegur ágreiningur á milli aðila um það hvernig ferli við breytingar eigi að vera.

3.8.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun hefur áður fjallað um með hvaða hætti standa eigi að breytingum á gildandi viðmiðunartilboðum. Í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009, sagði m.a. að viðmiðunartilboðum væri ætlað að skapa gagnsæi um kjör og ákveðinn grundvöll fyrir samningsgerð á milli aðila en að ekki ætti að þoka samningsfrelsi viðsemjanda. Þannig væri óheimilt að binda viðsemjendur einhliða með breyttum skilmálum í samningum án þeirra samþykkis eða uppsagnarfrests. Breytingar á viðmiðunartilboðum skyldi einnig tilkynna til PFS. Þá var því og slegið föstu að breytingar á ákvæðum viðmiðunartilboðs tækju því aðeins gildi að enginn ágreiningur væri um þær á milli fjarskiptafyrirtækjanna.⁵ Niðurstaða PFS var efnilega sú sama í ákvörðun PFS nr. 20/2009.

⁵ Sjá kafla 3.2.2. í ákvörðun PFS nr. 11/2009.

Með vísun til ofangreinds skal grein 17.3 orðast með sambærilegum hætti og í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta, sbr. ákvörðun PFS nr. 11/2009, sbr. viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2009.

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um leigulínur milli Mílu og viðsemjanda hennar.

Geti viðsemjandi Mílu ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um leigulínur til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Míla birtir „Viðmiðunartilboð um leigulínur“ á vef sínum.“

3.9 Viðauki 2, verðskrá leigulína-töflur og skilmálar

3.9.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone ítrekar athugasemdir sínar varðandi drátt á birtingu á verðum enda séu upplýsingar um verð fyrir aðgang einn mikilvægast hluti þeirra upplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki þurfa til þess að taka afstöðu til viðmiðunartilboðs um tiltekna þjónustu. Að mati Vodafone er óásættanlegt að eftir allan þennan tíma sem það hefur tekið að birta umrætt viðmiðunartilboð að verðskrá liggja ekki enn fyrir. Gerir fyrirtækið þá kröfu að verðskrá verði lögð fram sem fyrst til samráðs.

Í athugasemdum Míla kemur fram að kostnaðargreining standi yfir og að gildandi tilboð sé birt á heimasíðu Mílu. Í almennum athugasemdum fyrirtækisins segir m.a. að fyrirtækið hafi birt viðmiðunartilboð fyrir leigulínur í formi leigulínugjaldskrár, þar sem skilgreining vöru, verð og almennir skilmálar hafi verið birtir og fyrirtækið hafi þannig uppfyllt skilyrði um viðmiðunartilboð. Gagnsæi hafi því verið við lýði að því er varðar verð, vöruframboð og skilmála. Að kröfu PFS hafi fyrirliggjandi tilboð verið uppfært og verið fyrst sent inn til PFS með bréfi, dags. 14. ágúst 2009, önnur útgáfa hafi verið sent með bréfi, dags. 24. september og þann 5. nóvember hafi verið sent inn útgáfa þar sem öll verð hafi verið tekin út.

Telur Míla rétt að þessi feril sé rakinn þar sem í bréfi PFS, dags. 5. nóvember 2009, sé eingöngu vitnað til útgáfunnar sem dagsett er þann 5. nóvember 2009 og einnig til að áréttta að fjarskiptafyrirtæki sem vilja nýta sér þjónustu Mílu hafi alltaf átt þess kost að kynna sér vörur, verð og skilmála Mílu á heimasíðu fyrirtækisins. Að mati Mílu sé það ómálefnalegt að halda því fram að ekkert viðmiðunartilboð hafi verið fyrir hendi af hálfu Mílu.

3.9.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í kafla 2.2.2. er að finna yfirlit um stöðu þeirrar kostnaðargreiningar sem nú stendur yfir á leigulínunum Mílu, sem teljast til markaðar 13 og 14. Þá er þar einnig að finna umfjöllun um hvaða gjaldskrá Mílu að því er varðar leigulínur er í gildi og vísast til þess sem þar segir.

3.10 Ljós lína, töluliður 1.25, viðauki 2

3.10.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á að ekki sé gert ráð fyrir sölu á aðgangi að einum þræði ljóslínu. Í almennum athugasemdum fyrirtækisins um þetta atriði segir m.a. að fyrirtækið hafi talið að með ákvörðun nr. 20/2007 hafi þetta vandamál verið leyst en ekki sé hægt að sjá að það hafi verið gert í framangreindum viðmiðunartilboðum. Vandamálið varði aðgang að ljósleiðurum sem Míla hafi lagt í fjölmörgum hverfum í stað þess að leggja koparheimtaugar. Í ljósi þess að markaður 11 um koparheimtaugar hafi ekki tekið á þessari tækni væri mikilvægt að markaðir fyrir leigulínur tryggðu jafnan aðgang að þessum ljósleiðaratengingum. Vodafone fari því fram á að PFS geri nauðsynlegar breytingar á viðkomandi viðmiðunartilboðum, sérstaklega fyrir markað 13, og tryggi jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að ljósleiðaratengingum.

Í svari Mílu kemur fram að ljóslína og ljósið heim séu ekki sama varan. Ljósið heim sé heimtaug sem tengist ekki markaði 13 og 14. Vísar fyrirtækið til bréfs 27. janúar 2010 þar sem tilkynnt er gjaldskrá fyrir einn þráð en sú vara hafi staðið til boða og m.a. hafi Vodafone nýtt sér þá vöru.

3.10.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS fellur sú kvöð að veita aðgang að einum þræði ljósleiðaraheimtaugar undir aðgangskvöð á markaði 13.

Í tölulið. 1.1, V. kafla í „Verðskrá og reglur fyrir leigulínur í heildsölu“, dags. 1. mars 2010, kemur fram að Míla býður fjarskiptafyrirtækjum ljóslínu frá nettengipunkti að næstu símstöð um einn þráð.⁶ Að mati PFS tryggir framangreint jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að ljósleiðaraheimtaugum Mílu og mun framangreint ákvæði koma fram í viðmiðunartilboði Mílu fyrir leigulínur.

3.11 Stofnlínur, töluliður 2.6. viðauki 2

Fast verð á mánuði miðast við hverja línu og verð fyrir hvern km reiknast af vegalengd línunnar milli símstöðva. Við leigu á stofnlínu þarf einnig að greiða fyrir notendalínu í hvorn enda.

Leigi aðili meira en 1.800 km. af línunum með 45-622 Mb/s flutningsgetu fær viðkomandi 25% afslátt af leiguverði 45-622 Mb/s lína.

Stofngjald fyrir uppsetningu og tengingu á leigulínunum sem eru utan ljósleiðarahringsins og eru óvenju kostnaðarsamar er ákveðið sérstaklega.

3.11.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við að greiða þurfi einnig fyrir notendalínu í hvorn enda við leigu stofnlínu. Það sé algilt að þjónustukaupendur þurfi að kaupa notendalínu, en það sé t.d. ekki nauðsynlegt þegar búnaður þjónustukaupa sé hýstur í sömu aðstöðu og stofnlínan sem sé algengt. Í ljósi þessa sé mjög óeðlilegt að þjónustukaupa sé í öllum tilvikum gert að greiða fyrir notendalínu.

Í athugasemdum Mílu kemur fram að orðalagið valdi hér e.t.v. misskilningi. Bæta mæti við orðunum „sé um slíka notkun að ræða“. Þá tekur Míla fram að fyrirtækið innheimti ekki fyrir línur nema hún sé notuð og hafi aldrei gert.

⁶ Sjá slóðina

http://mila.is/servlet/file/Leigul%C3%83%C2%ADnuver%C3%83%C2%B0skr%C3%83%C2%A1%201.mars2010.pdf?ITEM_ENT_ID=8799&COLLSPEC_ENT_ID=2

3.11.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með hliðsjón af athugasemd Mílu skal ákvæðið breytast og orðast með eftirfarandi hætti:

„Fast verð á mánuði miðast við hverja línu og verð fyrir hvern km reiknast af vegalengd línunnar milli símsstöðva. Við leigu á stofnlínu þarf einnig að greiða fyrir notendalínu í hvorn enda sé um slíka notkun að ræða“.

Leigi aðili meira en 1.800 km. af línunum með 45-622 Mb/s flutningsgetu fær viðkomandi 25% afslátt af leiguverði 45-622 Mb/s lína.

Stofngjald fyrir uppsetningu og tengingu á leigulínunum sem eru utan ljósleiðarahringsins og eru óvenju kostnaðarsamar er ákveðið sérstaklega.“

Telur PFS að eftir breytingu þessa gefi athugasemd Vodafone ekki tilefni til frekari umfjöllunar stofnunarinnar um hana.

PFS telur þó rétt að vekja athygli á að í þeirri kostnaðargreiningu sem nú stendur yfir á leigulínunum Mílu er m.a. verið að fjalla um breytingar á afsláttarfyrirkomulagi, sem og breytingar á hvernig vegalengd línu er reiknað, en lengd línu er í dag einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á verð fyrir leigulínur. PFS mun í væntanlegri kostnaðargreiningarákvörðun einnig gera breytingar á þeim skilmálum viðmiðunartilboðsins sem hafa beina skírskotun í það hvernig verð fyrir leigulínur er fundið út.

3.12 Viðauki 2, Flutningur, kafli 2.8 og Breytingar á flutningsgetu, kafli 2.9,

2.8. Flutningur

Greiða þarf ákveðið afgreiðsluverð þegar sótt er um flutning á leigulínunum.

Þegar um er að ræða flutning á leigulínu sem áður var innan sama stöðvarsvæðis en verður á milli tveggja stöðvarsvæða, þarf auk þess að greiða stofnverð.

Ef um er að ræða flutning á línu þar sem báðir línuhlutar eru fluttir, telst það ekki sem flutningur heldur sem ný lína. Mánaðarverð fyrri línu og endabúnað er skv. almennri verðskrá.

2.9. Breytingar á flutningsgetu

Við breytingu á flutningsgetu þarf að greiða afgreiðsluverð.

Mánaðarverð fyrir uppfærða línu og endabúnað er skv. almennri verskrá.

3.12.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone um ofangreinda skilmála segir:

að mati Vodafone ætti viðsemjandi aðeins að greiða afgreiðsluverð fyrir flutning eða breytingu á flutningsgetu ef hann óskar eftir flutningi eða breytingu. Því telur Vodafone nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvenær heimilt er að innheimta afgreiðsluverð. Þá vill Vodafone benda á að kostnaður við breytingu eða flutning á stofnlínu er annar heldur en á notendalínu og því þarf að skilja þarna á milli og skilgreina kostnað vegna stofnlínu annars vegar og notendalína hins vegar.

Í athugasemdum Mílu kemur fram að verðskráin eigi við um notendalínur.

3.12.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur hjá Mílu þá er hér einungis verið að tala um flutning eða breytingar á flutningsgetu notendalína en ekki stofnlína. Í ljósi þess og til að koma í veg fyrir misskilning er rétt að taka sérstaklega fram í viðkomandi skilmála að verið sé að fjalla um notendalínur. PFS telur að ekki ætti að fara á milli mála hvenær greiða eigi flutningsgjald eða fyrir breytingar á flutningsgetu, þar sem er sérstaklega tiltekið í mgr. að greiða þurfi þegar „*sótt er um flutning á leigulínu*“. Samkvæmt þessu þá gerir ákvæðið ekki ráð fyrir að greitt sé fyrir breytingar sem stafa hafa öðrum orsökum t.d. breytingar sem eiga rót sína að rekja til Mílu. Með vísun til ofangreinds skulu skilmálar 2.8 og 2.9 orðast með eftirfarandi hætti:

„2.8. Flutningur

Greiða þarf ákvæðið afgreiðsluverð þegar sótt er um flutning á notendalínu.

Þegar um er að ræða flutning á notendalínu sem áður var innan sama stöðvarvæðis en verður á milli tveggja stöðvarvæða, þarf auk þess að greiða stofnverð.

Ef um er að ræða flutning á línu þar sem báðir línuhlutar eru fluttir, telst það ekki sem flutningur heldur sem ný lína. Mánaðarverð fyrri línu og endabúnað er skv. almennri verðskrá.

2.9. Breytingar á flutningsgetu notendalínu

Ef óskað er breytinga á flutningsgetu þarf að greiða afgreiðsluverð.

Mánaðarverð fyrir uppfærða línu og endabúnað er skv. almennri verskrá.“

3.13 Umsókn um aðgang að leigulínu, kafli 1, viðauki 5

Þjónustukaupi sem óskar eftir leigulínu sendir umsókn til þjónustusalans þar að lútandi. Umsóknir skulu ekki sendar fyrr en lokið er undirritun viðmiðunartilboðs á milli þjónustukaupa og þjónustusala þar sem fram kemur hvaða fjarskiptaþjónustu viðkomandi þjónustukaupi hyggst gerast áskrifandi að hjá þjónustusala.

Allar pantanir skulu berast á <http://www.mila.is/pantanir> þar sem almennar og tæknilegar upplýsingar um þjónustukaupa skulu fyllast út skv. Pöntunarfyrirkomulagi á vefnum. Upplýsingar um upphafs- og endapunkt þarf að fylla út skilmerkilega. Pöntunum er hægt að fylgja eftir með því að senda fyrirspurn á sala@mila.is

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um leigulínu:

1. Nafn þjónustukaupa sem sækir um leigulínu.
2. Tegund þjónustu (t.d. ljósleggur, SDH eða önnur sambönd), þ.m.t. upplýsingar um bitahraða ef við á.
3. Hvenær óskað er eftir leigulínu.

Umsóknir eiga að vera rafrænar. Senda skal sérstaka umsókn um aðstöðuleigu í netfang hysing@mila.is

Sé ekki hægt að verða við pöntun skal það tilkynnt skriflega/rafrænt innan 8 daga.

3.13.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við að Míla taki sér allt að 8 daga til að svar því hvort hægt sé að verða við pöntun. Telur fyrirtækið að það sé allt of langur tími.

Í svari Mílu vegna þessa bendir fyrirtækið á að um raunhæfan hámarksfrest sé að ræða miðað við þann mannafla sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Verði gerðar strangari kröfur verði að taka tillit til þess í herra verði fyrir þjónustuna.

3.13.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í svari Mílu kemur fram að um raunhæfan hámarksfrest sé að ræða og ef strangari kröfur verði gerðar yrði að taka tillit til þess í herra verði fyrir þjónustuna. Án frekari rannsóknar er erfitt að slá því föstu fyrir PFS hvort hér sé um eðlilegan svartíma að ræða eða ekki. Sá svartími sem hér er verið að fjalla um snýst um þann tíma sem Míla áætla að það taki að svara þjónustukaupa um hvort fyrirtækið geti útvegað/selt leigulínu með þeim upphafs- og endapunkti sem farið er fram á. Um hvað sé eðlilegur svartími er ávallt að einhverju leyti háð mati.

Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á umræddir 8 dagar séu hámarksfrestur sem Míla tekur sér en að í flestum tilvikum sé þjónustukaupanda svarað mun fyrr um það hvort leigulína sé til staðar á tilteknum stað. Í ljósi þessa sér stofnunin ekki ástæðu til að breyta umræddum hámarksfresti. Stofnunin áskilur sér rétt til að taka þetta mál um ef ástæða verður til síðar.

3.14 Staðfesting og afgreiðsla umsóknar, kafli 2.1., viðauki 5

Þjónustusali skal gæta jafnræðis á milli þjónustukaupa hvað afgreiðslu umsóknar varðar.

Dæmigerður afgreiðslufrestur frá þeim degi að umsækjandi leggur fram pöntun þangað til 95% allra leigulína af sömu gerð hafa verið settar upp hjá þjónustukaupa er: fyrir ITU-T M. 1040 og ITU-T M. 1020/M.025 tallínur 10 virkir dagar eða minna. Fyrir 64 og 2.048 kbit/s stafrænar línur 35 virkir dagar eða minna. Í öllum tilvikum er miðað við að fullnægjandi pöntun liggi fyrir.

3.14.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur að sá tími sem Míla tekur sér til að afgreiða umsóknir fyrir tallínur og 64 og 2.048 kbit/s stafrænar línur sé alltof langur í því samfélagi sem er í dag og leggur til að hann verði stytur töluvert.

Í svari Mílu vegna þessa bendir fyrirtækið á að um raunhæfan hámarksfrest sé að ræða miðað við þann mannafla sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Verði gerðar strangari kröfur verði að taka tillit til þess í herra verði fyrir þjónustuna.

3.14.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í þeim lágmarkskröfum sem gilda í dag til um alþjónustu, sem birtar voru 21. október 2010, er fjallað um leigulínur í kafla 2.4. Þar kemur fram að afhendingartími fyrir tengingar fyrir línur stærri en 64 kbit/s til 2048 kbit/s skuli vera að 95% af pöntunum séu afhent innan 20 virkra daga. Að mati PFS er eðlilegt að sama viðmið komi fram í viðmiðunartilboði Mílu og fram kemur í lágmarkskröfum um alþjónustu. Kafli 2.1. í viðauka 5 skal því orðast með eftirfarandi hætti:

„Þjónustusali skal gæta jafnræðis á milli þjónustukaupa hvað afgreiðslu umsóknar varðar.

Dæmigerður afgreiðslufrestur frá þeim degi að umsækjandi leggur fram pöntun þangað til 95% allra leigulína af sömu gerð hafa verið settar upp hjá þjónustukaupa er: fyrir ITU-T M. 1040 og ITU-T M. 1020/M.025 tallínur 10 virkir dagar eða minna. Fyrir 64 og 2.048 kbit/s stafrænar línur 20 virkir dagar eða minna. Í öllum tilvikum er miðað við að fullnægjandi pöntun liggi fyrir.“

3.15 Uppsögn , kafli 2.4. viðauki 5

Skemmstur leigutími leigulína er 6 mánuðir. Jafnframt er hægt að leigja línur í styttri tíma (skammtímatenging) eða allt að 3 mánuði. Í þeim tilvikum skal leigutími tilgreindur við pöntun. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn og skal uppsögn vera skrifleg.

3.15.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að fyrirtækið telur að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé of langur og leggur til að uppsagnarfrestur eftir 6 mánaða upphafsleigu verði ekki lengri en 1 mánuður. Að mati Vodafone eru engin rök fyrir lengri uppsagnarfresti þar sem stofngjöld eru innheimt að fullu og lágmarksleigutími (6 mánuðir) er uppfylltur. Í athugasemdum Mílu fellst fyrirtækið á að gangkvæmur uppsagnarfrestur á einstökum línum sé 1 mánuður í samræmi við framkvæmd.

3.15.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS getur fallist á röksemdir Vodafone og í samræmi við það sem fram kemur hér að ofan skal ákvæðið orðast með eftirfarandi hætti:

„Skemmstur leigutími leigulína er 6 mánuðir. Jafnframt er hægt að leigja línur í styttri tíma (skammtímatenging) eða allt að 3 mánuði. Í þeim tilvikum skal leigutími tilgreindur við pöntun. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn og skal uppsögn vera skrifleg.“

3.16 Takmarkanir, kafli 3.5., viðauki 5

Þjónustustig tryggðs viðgerðartíma gildir ekki í eftirtöldum tilvikum:

- Upplýsingar og aðgengi

Almennt þjónustustig gildir ekki ef þjónustukaupi veitir þjónustusala ekki upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ráða bót á rofinu eða veitir þjónustusala ekki nauðsynlegan aðgang til að framkvæma viðgerð á staðnum og aðgengi sé ekki takmarkað vegna annarra orsaka.

- Annað

Komi upp bilanir þar sem vinna þarf jarðvinnu og/eða útskiptingu á örbylgjubúnaði er nauðsynlegt þá gildir ekki almennur þjónustutími. Gert verður við bilun eins fljótt og auðið er.

3.16.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur nauðsynlegt að sett verði einhver ákveðin tímamörk á vinnu við bilun þar sem vinna þarf jarðvinnu og/eða útskipting á örbylgjubúnaði er nauðsynleg. Slík viðgerð geti tekið margar vikur og því ekki eðlilegt að Míla geti tekið allan þann tíma sem fyrirtækið telur nauðsynlegt, án þess að þurfa að bregðast við með ábyrgum hætti gagnvart þjónustukaupa.

Í svari Mílu kemur fram að vegna sérstakra aðstæðna hér á landi þar sem vegalengdir eru miklar, landfræðilegar aðstæður oft erfiðar og veður válynd verði að hafa hámarksfresti í samræmi við það. Það sé Mílu hins vegar í hag bæði ímyndarlega og tekjulega að hraða framkvæmdum eins og unnt er, það sé því enginn hvati fyrir fyrirtækið að fresta viðgerðum og tapa tekjum.

3.16.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í reglum PFS nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta er kveðið á um þær ráðstafanir sem PFS telur nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtæki geri til að tryggja samfelldan rekstur

almennra fjarskiptaneta, s.s. burðargetu og stjórn þeirra, aukaleiðir, neyðaráætlun og ytra umhverfi. Reglurnar ná til virkni fjarskiptaneta, þ.e. til hinna eiginlegur fjarskiptaneta, svo og upplýsingarkerfa sem þau styðjast við og tengjast.

Það er á ábyrgð viðkomandi fjarskiptafyrirtækis að framkvæma ofangreindar öryggisráðstafanir. PFS hefur svo eftirlit með að farið sé að reglunum.

PFS telur hins vegar að ekki sé þörf á því að viðmiðunartilboðið sem slíkt hafi í smáatriðum að geyma viðmið um þjónustuöryggi.

3.17 Þjónustutími, kafli 3.6, viðauki 5

8 tímar á sólarhring alla virka daga
Dagvinnutími. 8-17.

3.17.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að fyrirtækið telur að sá tími sem hægt sé að tilkynna bilanir sé of takmarkaður og fer fram á að hægt verði að tilkynna bilanir utan þess tíma einnig.

Í svari Mílu kemur fram að mögulegt sé að tilkynna bilanir hvenær sem er en hinn almenni þjónustutími sé eins og hér greinir. Ef fjarskiptafyrirtæki óska eftir forgangsþjónustu sé unnt að verða við því gegn eðlilegu gjaldi.

3.17.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur í svari er mögulegt að tilkynna bilanir hvenær sem er. Í ljósi þess telur PFS eðlilegt að viðmiðunartilboðið endurspegli þennan möguleika. Skilmálinn skal því orðast á eftirfarandi hátt:

*8 tímar á sólarhring alla virka daga
Dagvinnutími. 8-17.*

Mögulegt er að tilkynna um bilanir hvenær sem er. Unnt er að óska eftir forgangsþjónustu gegn eðlilegu gjaldi.

3.18 Öryggisreglur og aðgengi að búnaði, kafli 2.12, viðauki 6

Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á annan fjarskiptabúnað, er þjónustusala heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynleg tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur. Lyklar eru afhentir í afgreiðslu þjónustusala að Stórhöfða 22-30. Við afhendingu lykla skal þjónustukaupi skrá þau hús sem verið er að heimsækja og áætlaðan skilátíma á lykli. Lyklar skulu einungis afhentir aðilum sem hafa verið samþykktir af þjónustukaupa.

Starfsmenn þjónustukaupa skulu í öllum tilfellum uppfylla umgengnisreglur þjónustusala, sjá meðfylgjandi fylgiskjal A. Sé reglum þessum ekki fylgt getur það leitt til uppsagnar á ákvæðum sammings um aðgang að búnaði án fylgdar.

3.18.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur nauðsynlegt að ákvæðið verði skilgreint frekar þar sem orðalag þess sé með þeim hætti að Míla gæti með auðveldum hætti hafnað að veita aðgang með vísan til þess að búnaður eða færni tæknimanna viðsemjanda sé ekki fullnægjandi og uppfylli ekki almennar öryggiskröfur. Óskar Vodafone því eftir upplýsingum um þau skilyrði sem Míla krefst þess að

starfsmenn þjónustukaupa þurfi að uppfylla til að hljóta samþykki til að fyrirbyggja að mat Mílu sé ekki háð huglægu mati.

Í athugasemdum Mílu er ekki vikið að ofangreindri athugasemd.

3.18.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS kemur orðalag skilmálans ekki í veg fyrir að viðsemjandi Mílu geti vísað ágreiningi sem sprottin væri um þau atriði sem nefnt eru í ákvæðinu til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Krafa um tæknilega færni þeirra starfsmanna sem vinna við fjarskiptanetið á sér stoð í 67. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem er svo hljóðandi:

“Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki”

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við kafla 2.1.2 í viðauka 6 í viðmiðunartilboði Mílu um öryggisreglur og aðgengi að búnaði.

4 Aukasamráð vegna viðauka 7, sérlausnir á Etherneti

Með tilkynningu á heimasíðu PFS, dags. 27. ágúst 2010, kallaði PFS eftir aukasamráði um viðmiðunartilboðs Mílu á stofnlínnumarkaði (markaður 14). Tílefnið var að Míla hafði útfært nýja þjónustu sem sérstaklega var sniðin að þörfum minni sveitarfélaga þar sem Míla var ein á stofnlínnumarkaði. Viðaukinn er nr. 7 og kallast sérlausnir á Etherneti. Þjónustunni er lýst með eftirfarandi hætti í viðaukanum:

4.1 Viðauki 7

1. Vörulýsing

Í tengslum við aðgang að heimtaug á þeim stöðum sem koma fram í viðauka þessum; skrá yfir tengistaði, býður Míla upp á gagnasambönd frá næsta hnútpunkti leigutaka að búnaði þeim sem tengist heimtaugum. Um er að ræða lausn sem lýtur að því að leysa fjarskiptaparfir minni sveitarfélaga.

Þjónusta Mílu felst í að koma hæfilega bandbreiðu sambandi frá næsta hnútpunkti að búnaði leigutaka sem tengist heimtaugum en bandbreidd sambandsins, sem og upphaf og endir, er háð samningi aðila. Gagnasambandið getur verið allt að 155Mbit/sek. Miðað er við að bandbreidd á tengda línu sé ekki lægri en 1. Mbit/sek á hvern tengdan notanda hjá leigutaka. Verð fyrir þessa þjónustu miðast við fjölda heimtauga sem tengjast gagnasambandinu. Tengingar leigutaka á tengiskilum Mílu geta verið um ADSL, ljósnet eða þráðlaus sambönd. Um er að ræða takmarkaða bandbreidd.

2. Verð

Verð fyrir þennan gagnaflutning er 1000 kr/mánuði á hverja tengda heimtaug hjá notanda.

3. Fyrirvarar

Samningurinn tekur eingöngu til þeirra staða þar sem þjónustuaðili þarf ekki að fara í verulegar fjárfestingar. Þjónustan er einungis í boði á stöðum er fram koma í listanum hér á eftir. Þá áskilur

Þjónustusali sér rétt til að hafna tengingu ef innviðir eru ekki til staðar. Áætlað er að þetta tilboð nái til svæða þar sem um er að ræða færri en 200 notendur (ca 140 staðir). Þjónustusali getur hafnað tengingu ef notkun sambandsins er ekki í samræmi við framangreint.

4.Skrá yfir tengistaði
[...]

4.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Símans sem bárust með bréfi, dags. 14. september 2010, bendir fyrirtækið á nokkur atriði sem óskað er nánari skýringar á. *Í fyrsta lagi* að skilgreina verði nánar hvernig næsti hnútpunktur leigutaka er ákvarðaður, þar sem leigutaka sé vart ekki í sjálfvalds sett hvar hann er, dæmi: Ef tengistaður er á Reykhólum á Barðaströnd getur tengipunktur leigutaka þá verið í Reykjavík. *Í öðru lagi* óskar Síminn eftir rökstuðningi fyrir því af hverju bandbreidd takmarkist við 155Mb/s. Bendir Síminn á í því sambandi að þjónusta til að veita ADSL- og sjónvarpsþjónustu fyrir ISAM þjónustustaði takmarkast við 1Gb/s og óskar fyrirtækið því eftir að samböndin falli undir þessa sérlausn. *Í þriðja lagi* telur Síminn að skýra verði betur hvaða tækni fellur undir þráðlaus sambönd en óljós sé hvernig þráðlaus sambönd tengist heimitaugum, sbr. eftirfarandi málsgrein: „*býður Míla upp á gagnasambönd frá næsta hnútpunkti leigutaka að búnaði þeim sem tengist heimitaugum*“ Þá sé einnig óljóst hvernig á að sannreyna fjölda viðskiptavina á þráðlausum samböndum þar sem þau tengjast ekki um heimitaug en slíkt gæti verið úrlausnaratriði í samningi. *Í fjórða lagi* spyr Síminn hvort þær 1000 kr/mánuði sem er gjaldið fyrir hverja tengda heimitaug sé með eða án vsk. *Í fimmta lagi* telur Síminn að skilgreina þurfi betur hvað séu „*verulegar fjárfestingar*“ til að tryggja gagnsæi og jafnræði á milli leigutaka. *Í sjötta lagi* spyr Síminn hvernig viðmiðinu um að tilboðið nái aðeins til þeirra svæða þar sem um er að ræða færri en 200 notendur verði fylgt eftir, t.d. ef notendur verði fleiri en 200 á svæðinu gildir tilboðið þá ekki?

Athugasemdir Vodafone bárust með bréfi, dags. 14. september 2010. Að mati fyrirtækisins mæti Míla skýra betur eðli ethernet sambandsins, þ.e. hvort sambandið er yfirbókað eða samnýtt og einnig hvort hægt sé að panta ákveðna bandvidd tryggða ef sambandið er samnýtt. Einnig séu verðin miðuð við fjölda heimitauga sem notandi kaupir hjá Mílu en í tilfalli þráðlausa samskipta er ekki um kaup á heimitaug að ræða, nema til þess að tengja þráðlausan sendipunkt við símstöð. Þetta þarfnist skýrari lýsingar til að forðast misskilning notkunarviðs.

Þá gerir fyrirtækið fyrirvara gangvart umtalsverðum framkvæmdum við að koma á sambandi og leggur til að listinn innihaldi upplýsingar um hvort staður sé tilbúinn eða hvort það þarfnist lítilla framkvæmda við að koma samböndum upp.

Með tölvupósti, dags. 16. september 2010 var Mílu gefinn kostur á að tjá sig um framkomnar athugasemdir. Svör Mílu bárust með bréfi, dags. 12. október 2010.

4.1.2 Sjónarmið Mílu vegna athugasemda hagsmunaaðila

Í skýringum Mílu bendir fyrirtækið á að það sé ekki hugmyndafræðin á bak við þessa þjónustu að hnútpunkturinn sé í Reykjavík. Í viðaukanum væri sérstakur listi sem skýrði út hver væri næsti tengipunktur. Jafnframt ítrekar Míla að í einhverjum tilfellum þurfi að fara út í töluverðar fjárfestingar með viðeigandi afhendingartíma.

Varðandi ósk Símans um skýringar á því af hverju bandbreiddin takmarkist við 155 Mb/s, segir Míla:

Tilboð Mílu miðast ekki við 1 Gb/s. Samkomulagið er með þeim takmörkunum sem nefnd eru. Á það bara við um þjónustu þar sem bandbreiddin takmarkast við 100 Mb/s á etherneti. Þjónustan nær eingöngu til staða þar sem Míla þarf ekki að fjárfesta umtalsvert. Til þess að koma á bandbreiðari samböndum á þessa staði sem er forsendan fyrir því að geta veitt sjónvarpsþjónustu þarf að fjárfesta í búnaði á viðkomandi stöðum til þess að geta stækkað sambandið. Núverandi sambönd á þessa staði eru almennt undir 100 Mb/s á etherneti. Míla er þó tilbúin í viðræður um bandbreiðari sambönd á þessum forsendum ef Póst- og fjarskiptastofnun heimilar slíkt.

Um þá athugasemd Símans um hvaða tækni félli undir þráðlaus sambönd og hvernig ætti að sannreyna fjölda viðskiptavina á þráðlausum samböndum segir Míla:

Skilgreining á fjöld notenda er skilgreiningaratriði á milli þjónustukaupa og Mílu í þráðlausum samböndum. Þráðlausar tengingar sem um ræðir eru svo sem WiFi eða Wimax. Í þeim tilfellum sem Míla getur ekki með góðu móti haldið utanum fjölda notenda mun Míla áskilja sér rétt til þess að geta óskað eftir staðfestingu á fjölda notenda frá aðilum eins og Póst- og fjarskiptastofnun.

Þá upplýsti Míla að verð fyrir aðganginn væru gefin upp án vsk og að fyrirtækið lyti þannig á að ef fjárfesting færi yfir 500.000 kr. á hverjum stað yrði litið á það sem verulega fjárfestingu.

Um þá athugasemd Símans hvernig færi ef notendur yrðu fleiri en 200 á einhverju tilteknu svæði um hvort tilboðið gildi þá ekki lengur, sagði Míla:

Míla telur ekki verulegar líkur á því að mikil fjölgun verði á notendum frá því nú er. Míla gerir ekki ráð fyrir að víkja frá þessu tilboði þó svo fjölgun verði eitthvað yfir 200. Hins vegar verður á ákveðnum tímamarki ódýrara fyrir viðskiptavinum Mílu að kaupa sér hefðbundna leigulínu. Þegar það gerist geta þeir tekið ákvörðun um að skipta um þjónustuflokk

Í svörum Mílu vegna athugasemda Vodafone kemur fram að fyrirtækið gerir ekki ráð fyrir að um verði að ræða yfirbókuð sambönd og um sé að ræða fasta bandbreidd. Míla upplýsir jafnframt að farið verði í ítarlegri greiningu á stöðunum ef í ljós kemur að fjarskiptafélögin hafi áhuga á því að nýta sér tilboð Mílu. Kostnaður Mílu geti líka farið eftir því hversu margir fjarskiptaaðilar hafi áhuga á að tengjast viðkomandi stað.

Með tölvupósti, dags. 24. september 2010 barst fyrirspurn frá samgönguráðuneytinu vegna hins nýja viðauka, þar sem m.a. var spurt út í af hverju tilteknar símsstöðvar með íbúatölu undir viðmiðunarmörkunum væru ekki á umræddum lista og jafnframt bent á að á listanum væru símsstöðvar þar sem íbúatala væri yfir tilsettu 200 íbúa viðmiðunarmarki.

Í svari Mílu vegna fyrirspurnar ráðuneytisins segir eftirfarandi:

Þeir staðir sem ekki eru með á lista hjá Mílu falla ekki undir þann flokk að ekki þurfi að fjárfesta mikið. Sums staðar er eingöngu kopar en á öðrum stöðum eru bandmjó örbylgjusambönd. Þess konar sambönd geta ekki fallið undir þessar skilgreiningar. Það er því of einfalt að segja að mögulegt sé að veita þessa þjónustu til allra með undir 200 íbúa. Að auki er mögulegt að veita þessa þjónustu til staða þar sem búa fleiri en 200. Nú þegar er veitt ADSL þjónusta á mörgum þessara staða. Það er því hugsanlega talsvert mikil einföldun hjá Mílu að halda sig við 200. Reglan er frekar að ekki þurfi að fjárfesta. Verið er að leitast við að veita þessum smærri stöðum þjónustu og nýta kerfið betur. Meðfylgjandi er nýr listi þar sem búið er að útiloka þá staði þar sem eingöngu er um koparsambönd að ræða.

Í fyrirspurn ráðuneytisins er einnig vikið að því að svo virðist sem forsenda Mílu sé sú að á sérlausnarstöðunum sé fyrirtækið eitt á stofnlínunumarkaði. Í framhaldi af því spyr ráðuneytið hvort breytingar verði gerðar á lista yfir sérlausnarstaði ef annað fyrirtæki reynist í samkeppni

eða fari í samkeppni á stofnlínumarkaði við Mílu á einhverjum hinna tilgreindu sérlausnarstaða.

Í svari Mílu kemur eftirfarandi fram:

Listinn tengist ekki samkeppni eða ekki samkeppni á neinn hátt. Hér er einfaldlega verið að setja fram möguleika á þjónustu á stöðum þar sem mögulegt er fyrir Mílu að veita þjónustu á einfaldan hátt og án fjárfestinga yfir 500.000 kr. Ef upp koma fyrirtæki í samkeppni við Mílu geta þau veitt þjónustu á sínu kerfi, óháð vöruframboði Mílu.

4.1.3 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Um tilganginn með viðauka 7 sérlausnir á eterneti

Eins og fram kemur í viðaukanum sem og skýringum Mílu við þeim athugasemdum sem bárust frá umsagnaraðilum er hér um tiltekna sérlausn að ræða sem ætlað er að leysa ákveðna þörf fyrir bandbreiðari sambönd í minni sveitarfélögum, sem uppfylla ákveðin skilyrði um þá fjarskiptainnviði sem fyrir hendi eru. Nánar tiltekið er um það að ræða að þjónusta Mílu felst í því að koma á hæfilega bandbreiðu sambandi frá næsta hnútpunkti að búnaði leigutaka sem tengist heimtaugum.

Að áliti PFS er mikilvægt að aðgangur landsmanna að fjarskiptaþjónustu sé eins jafn og frekast er kostur þannig að allir eigi kost á sambærilegri þjónustu. Í ljósi þessa telur PFS að sú lausn sem Míla hefur þróað á Etherneti sem valkost fyrir þjónustuveitendur mikilvægt skref í þá átt að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptaþjónustu. Hins vegar er ljóst að hún ein og sér leysir ekki öll vandamál sem til staðar eru varðandi fjarskiptaþjónustu á landsbyggðinni, sbr. umfjöllun um bandbreidd hér að neðan.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 25/2007, um alþjónustuskýldur fjarskiptafyrirtækja, skal Míla veita aðgang að almenna talsímakerfinu og aðgang að almennum gangaflutningi með allt að 128 kb/s flutningsgetu. Í gegnum tenginguna skal notandi geta hringt og tekið á móti innanlands- og útlandasímtölum, faxesendingum og að hafa aðgang að almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða. Kröfurnar eru í samræmi við 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 19/2003. Ákvörðun 20/2007 leggur ekki þá kvöð á Mílu að fara í uppbyggingu á fjarskiptanetum á þeim svæðum þar sem fyrirtækið telur að ekki séu forsendur til að bjóða upp á fjarskiptaþjónustu vegna mikils kostnaðar. Með öðrum orðum fyrirtækið verður ekki skyldað með valdboði til frekari uppbyggingar á þeim stöðum sem um er að ræða, en fyrirtækið sjálft er tilbúið til að framkvæma.

Um bandbreidd

Í athugasemdum Símans er óskað eftir rökstuðningi af hverju bandbreidd takmarkist við 155 Mb/s Ethernet. Bendir fyrirtækið á að þjónusta til að veita ADSL- og sjónvarpsþjónustu fyrir ISAM þjónustustaði takmarkast við 1 Gb/s og óskar fyrirtækið því eftir að slík sambönd falli undir þessa sérlausn. Í svari Mílu vegna þessa segir einfaldlega að tilboðið miði ekki við 1 Gb/s og að samkomulagið sé með þeim takmörkunum sem nefnd eru. Síðan segir Míla:

Til þess að koma á bandbreiðari samböndum á þessa staði sem er forsendan fyrir því að geta veitt sjónvarpsþjónustu þarf að fjárfesta í búnaði á viðkomandi stöðum til þess að geta stækkað sambandið. Núverandi sambönd á þessa staði eru almennt undir 100 Mb/s á etherneti. Míla er þó tilbúin í viðræður um bandbreiðari sambönd á þessum forsendum ef Póst- og fjarskiptastofnun heimilar slíkt.

Samkvæmt Mílu þarf frekari fjárfestingar í búnaði hjá fyrirtækinu til að hægt sé að stækka sambandið. Í lok athugasemda fyrirtækisins er vikið að því að Míla sé tilbúin í viðræður um bandbreiðari sambönd á þessum forsendum ef PFS heimili slíkt. Stofnunin skilur athugasemd Mílu á þann veg að Míla sé tilbúin til að fara út í frekari fjárfestingar á þeim stöðum sem falla undir tilboðið á sömu forsendum og settir eru fram í viðauka 7, ef stofnunin heimili slíkt.

Samkvæmt 1. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, skal íslenska ríkið tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum.

Í 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 eru verkefni stofnunarinnar talin upp, þar segir, í b-lið 2. tl. 1. mgr., að stofnunin skuli hvetja til skilvirkra fjárfestinga í innviðum fjarskipta og stuðla að nýbreytni og í b-lið 3. tl. 1. mgr. að stofnunin skuli hvetja til uppsetningar og þróunar fjarskiptaneta og gagnvirkni þjónustu sem nær til allra ríkja inn EES.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum sér stofnunin ekkert því til fyrirstöðu að Míla leyti leiða til að þróa fjarskiptanet fyrirtækisins áfram þannig að aðgangur landsmanna að fjarskiptaþjónustu verði jafn eftir því sem unnt er. Við þá vinnu ber Mílu hins vegar að taka mið af þeim kvöðum sem hvíla á fyrirtækinu á grundvelli markaðsgreiningar, s.s. kvöð um jafnræði, gagnsæi og kvöð um kostnaðargreind verð, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2007.

Um fyrirvara viðaukans

Í viðaukanum eru gerðir nokkrir fyrirvarar af hálfu Mílu varðandi það hverjir geti nýtt sér þessa tilteknu lausn.

Í fyrsta lagi er miðað við að samningurinn taki eingöngu til þeirra staða þar sem þjónustuaðili þurfi ekki að fara í verulegar fjárfestingar. Í svari Mílu vegna þeirra athugasemda sem bárust þá miðar fyrirtækið við að fjárfestingar sem fari yfir 500.000 kr. á hverjum stað teljist verulegar í skilningi viðaukans. Í öðru lagi þá áskilur Míla sér rétt til að hafna tengingu ef innviðir eru ekki til staðar. Í þriðja lagi tekur viðaukin einungis til staða sem eru taldir upp í listanum, sbr. kafli 4 „Skrá yfir tengistaði“. Um er að ræða staði sem hafa færri en 200 notendur (ca. 140 staðir). Eins og fram kemur í athugasemdum samgönguráðuneytisins benti ráðuneytið á staði sem féllu undir hin skilgreindu 200 notenda viðmiðunarmörk en voru ekki á skrá yfir tengistaði, sem og staði sem væru yfir hinum skilgreindu viðmiðunarmörkum um 200 notendur en væru á listanum. Í svari Mílu vegna þessa kemur fram að þeir staði sem ekki séu á listanum falli ekki undir þann flokk að ekki þurfi að fjárfesta mikið. Það sé því of einfalt að segja að hægt sé að veita þessa þjónustu til allra með undir 200 íbúum. Að auki sé mögulegt að veita þessa þjónustu til staða þar sem fleiri til 200 búi. Reglan sé frekar sú að ekki þurfi að fjárfesta. Verið sé að leitast við að veita þessum smærri stöðum þjónustu og nýta kerfi fyrirtækisins betur.

Með hliðsjón af tilurð þessarar lausnar og tilgangs hennar, sbr. umfjöllun PFS hér að ofan, telur stofnunin að Mílu sé heimilt að setja þá fyrirvara sem gilda eiga um þessa tilteknu lausn m.a. til að minnka líkur á því að farið verði í fjárfestingar sem ekki er líklegt að skili sér til baka fyrir fyrirtækið í formi aukinna tekna.

Um verð fyrir aðganginn

Með hliðsjón af atvikum máls samþykkir PFS til bráðabirgða að verð fyrir tenginguna skuli vera 1000 kr. á mánuði án vsk., þar til PFS hefur samþykkt nýtt kostnaðargreint verð.

Kostnaðargreining vegna þessa aðgangs verður tekin fyrir samhliða yfirferð á kostnaðargreiningu Mílu á leigulínum sem nú stendur yfir. Endanlegt verð mun því ekki liggja fyrir fyrir en að lokinni þeirri yfirferð á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

Samandregin niðurstaða

Að öllu ofangreindu virtu telur PFS að sú þjónusta sem Míla hefur kynnt undir heitinu „sérlausnir á Etherneti“ sé ekki ósamrýmanleg þeim kvöðum sem á fyrirtækinu hvíla á grundvelli ákvörðunar 20/2007. Þá er hún einnig í samræmi við 1. gr. fjarskiptalaga, sbr. 2 og 3. tölulíðar b-liðar 1. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Míla verður hins vegar ekki skylduð á grundvelli ofangreindra réttarheimilda til bjóða upp á bandbreiðari sambönd, sem t.d. eru nauðsynleg fyrir sjónvarpsþjónustu, eins og Síminn fer fram á. Fyrirtækinu er hins vegar í sjálfsvald sett að gera þær breytingar á fjarskiptaneti sínu sem nauðsynlegar eru til að það sé mögulegt, enda sé jafnræðis gætt þegar kemur að aðgangi að slíkum tengingum.

Mílu er heimilt að hefja sölu á þeim tenginum sem lýst er í viðaukanum um leið og fyrirtækið telur það hentugt.

Verð fyrir aðganginn skal vera kr. 1000 kr. á mánuði, án vsk. og skal það gilda á meðan ekki liggja fyrir kostnaðargreint verð sem samþykkt hafa verið af hálfu PFS.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir viðmiðunartilboð Mílu ehf., kt. 460207-1690, fyrir leigulínur, dags. 5. nóvember 2009, taki gildi frá og með 1. mars. 2011, með þeim breytingum sem mælt eru fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.

Við gildistöku viðmiðunartilboðsins skal Míla hafa lokið við að breyta því í samræmi við fyrirmæli Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt ákvörðun þessari og birta það á aðgengilegan hátt á vefsíðu sinni.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 16. febrúar 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson

Viðauki

Við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 2/2011

Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á viðmiðunartilboði Mílu um viðmiðunartilboð fyrir leigulínur (markaðir 13 og 14), dags. 5. nóvember 2009.

Skal Míla uppfæra viðmiðunartilboðið í samræmi við ákvörðun þessa eigi síðar en **1. mars 2011**. Að öðru leyti skal umrætt viðmiðunartilboð og viðaukar þess vera óbreyttir.

Skilmáli 1.2 (Markmið samningsins) orðist svo:

„Markmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarna beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðgang að leigulínum.

Verðskrá leigulína sem tók gildi 1. mars 2010 og reglur þar að lútandi eru settar samkvæmt lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.“

Skilmáli 3 (Verð) orðist svo:

„Verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að leigulínum er nánar lýst í viðauka 2. Verð í samningi þessum og viðauka er án vsk.

Þjónustusali skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.“

Skilmáli 8 (takmörkun vegna öryggisástæðna) orðist svo:

„Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að rjúfa tengingu leigulínu fyrirvaralaust ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis. Tilkynna skal viðsemjanda um slíka ráðstöfun eins fljótt og mögulegt er „.

Skilmáli 17.3. (Breytingar á samningi) orðist svo:

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um leigulínur milli Mílu og viðsemjanda hennar.

Geti viðsemjandi Mílu ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um leigulínur til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Míla birtir „Viðmiðunartilboð um leigulínur“ á vef sínum.“

Viðauki 2, skilmáli, 2.6 (stofnlínur) orðist svo:

Fast verð á mánuði miðast við hverja línu og verð fyrir hvern km reiknast af vegalengd línunnar milli sírstöðva. Við leigu á stofnlínu þarf einnig að greiða fyrir notendalínu í hvorn enda sé um slíka notkun að ræða“.

Leigi aðili meira en 1.800 km. af línunum með 45-622 Mb/s flutningsgetu fær viðkomandi 25% afslátt af leiguverði 45-622 Mb/s lína.

Stofngjald fyrir uppsetningu og tengingu á leigulínunum sem eru utan ljósleiðarahringsins og eru óvenju kostnaðarsamar er ákveðið sérstaklega.

Viðauki 2, skilmáli 2.8 (flutningur) og 2.9. (Breytingar á flutningsgetu) orðast svo:

„2.8. Flutningur

Greiða þarf ákveðið afgreiðsluverð þegar sótt er um flutning á notendalínunum.

Þegar um er að ræða flutning á notendalínu sem áður var innan sama stöðvarsvæðis en verður á milli tveggja stöðvarsvæða, þarf auk þess að greiða stofnverð.

Ef um er að ræða flutning á línu þar sem báðir línuhlutar eru fluttir, telst það ekki sem flutningur heldur sem ný lína. Mánaðarverð fyrri línu og endabúnað er skv. almennri verðskrá.

2.9. Breytingar á flutningsgetu notendalínu

Ef óskað er breytinga á flutningsgetu þarf að greiða afgreiðsluverð.

Mánaðarverð fyrir uppfærða línu og endabúnað er skv. almennri verskrá.“

Viðauki 5, skilmáli 2.1. (Staðfesting og afgreiðsla umsóknar)

„Þjónustusali skal gæta jafnræðis á milli þjónustukaupa hvað afgreiðslu umsóknar varðar.

Dæmigerður afgreiðslufrestur frá þeim degi að umsækjandi leggur fram pöntun þangað til 95% allra leigulína af sömu gerð hafa verið settar upp hjá þjónustukaupa er: fyrir ITU-T M. 1040 og ITU-T M. 1020/M.025 tallínur 10 virkir dagar eða minna. Fyrir 64 og 2.048 kbit/s stafrænar línur 20 virkir dagar eða minna. Í öllum tilvikum er miðað við að fullnægjandi pöntun liggi fyrir.“

Viðauki 5, skilmáli 2.4. (Uppsögn)

„Skemmstur leigutími leigulína er 6 mánuðir. Jafnframt er hægt að leigja línur í styttri tíma (skammtímatenging) eða allt að 3 mánuði. Í þeim tilvikum skal leigutími tilgreindur við pöntun. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn og skal uppsögn vera skrifleg.“

Viðauki 5, skilmáli 3.6. (Þjónustutími)

*„8 tímar á sólarhring alla virka daga
Dagvinnutími. 8-17.*

Mögulegt er að tilkynna um bilanir hvenær sem er. Unnt er að óska eftir forgangsþjónustu gegn eðlilegu gjaldi.“